

No. 8

Ferð að Skógá undir Austur-Eyjafjöllum 19/6'47.

H.B. Lindvik og S. Rist fóru frá Reykjavík kl. 11,00 og komu að Skógá kl.16,30, ekið var á bifreiðinni R-5205.

Settur niður vatnshæðamælir.

Um 220 m. neðan við Skógafoss er vhm sem er járnstöng rekin niður í botn árinna hjá klöpp við vestur bakkann.

Þar rétt hjá var settur niður nýr vhm (tré 3'x1½' með skala).

F.M. er messingbolti rekinn niður í nefnda klöpp um 3 m frá vhm. Mælt er frá efri enda boltans, sem er sléttur við klöppina.

Toppur vhm liggur 75,2 cm undir F.M.

Toppur vhm sýnir 203 cm á skalanum, sem er nær lóðréttur.

Vatnsmagn mælt.

Um 30 metrum ofan við vhm var vatnsrennslið mælt, þá sýndi nýja vhm 91 cm en það eldra 71 cm. Notaður var vatnshraðamælir 3732.

Um álestur á vhm.

Næsti bær vestan árinna er Drangshlíðardalur, og hefur Þorsteinn Jónsson bóndi þar annast álestur á járnstöngina frá s.l. sumri, en ekki sent þær skýrslur enn til Rafmagnseftirlitsins. Nu var hann beðinn að hefja álestur á nýja vhm (sem hér eftir verður aðeins nefndur vhm), en hætta við þann eldri, skiptin hjá honum verða því um 20,6.1947. Ennfremur var honum tjáð að viðvíkjandi greiðslu og öðru er viðkemur vhm mun hann móttaka bréf frá raforkumálastjóra.

Botn árinna virðist öruggur þar sem vhm er, en komið getur

fyrir í frosthriðum á vetrum, að áin "bólgni upp", því var ákveðið að koma fyrir vhm í gílinu nokkru ofan við fossinn, en þar má ætla að ísar trufla lítið sem ekkert. Finna þarf samband á milli vhm-ana og nota svo þann efri þegar skekkjur vegna ísa koma fram á neðri staðnum.

Þá athugaði H.B. Lindvik stífln og leiðslustæði og stað fyrir væntanlegt stöðvarhús.

Haldið var um nóttina austur til Víkur í Mýrdal.

